

Dagblaðið og Vísir:

Menningar- verðlaun

Hin árlegu menningarverðlaun Dagblaðsins og Vísir voru afhent í gær, og er þetta í fjórða sinn sem slík verðlaun eru veitt. Áð þessu sinni hlaut Vilborg Dagbjartsdóttir verðlaun fyrir bók sína „ljóð“, Arni Kristjánsson pianóleikari hlaut tónlistarverðlaun, Asgerður Búadóttir myndlistarverðlaun og Hjalti Rögnvaldsson leiklistarverðlaun, fyrir hlutverk sitt í „Húsi skáldsins“. Þá hlaut „Útlaginn“ kvikmyndaverðlaun og Birna Björnsdóttir hlaut verðlaun fyrir byggingarlist, en hún hannaði strætisvagnaskýlið við Landspítalann. Verðlaunagripinn í ár gerði Sigrún Guðjónsdóttir. Á myndinni sjáum við Arna, Asgerði, Jón Þórisson (F.h. „Útlagans“ Birnu, Vilborgu og Önnu Rögnvaldsdóttur (konu Hjalta Rögnvaldssonar), við afhendingu verðlaunanna.



Eiríkur Tómasson formaður Íþróttaráðs Reykjavíkur í ræðustól í gær en þá var úthlutað heiðurs- og styrkveitingum úr styrktarsjóði Íþróttaráðs. Sjá nánar bls. 11. Ljósni: eik

Tíðin bætir stöðuna í vatnsbúskapnum:

Skerðing á forgangsorku nú afnumin

Landsvirkjun hefur afnumið þá skerðingu á forgangsorku sem tekin var upp til stóriðju og Keflavíkurflugvallar í byrjun mánaðarins. Vegna hagstæðrar tíðar undanfarið hefur staðan í vatnsbúskap Landsvirkjunar batnað til muna, og er ekki talin þörf á frekari skerðingu.

Hún var um mánaðarmótin talin óhjákvæmileg vegna óhagsstæðrar vatnsstöðu á hálendinu

og talið að til að gæta fyllsta öryggis þyrfti skerðingin að nema alls 10% eða 35,5 megawöttum af forgangsafliþörfinni. Bættur vatnsbúskapur varð þess valdandi að skerðingin var minni en ella, eða aðeins 6,7% þess. 23,8 megawött þegar hún varð mest og bitnaði eingöngu á stóriðju og Keflavíkurflugvelli. Í frétt frá Landsvirkjun í gær segir að henni hafi nú verið aflétt.

—ekh

Hvammstangi:

Fundaröð á vegum Alþýðubandalagsins

Hvammstanga 16. febrúar.

Laugardaginn 21. nóvember sl. var haldinn opinn fundur í Félagshúsinu á Hvammstanga um skóla-, íþrótt- og æskulýðsmál á vegum Alþýðubandalagsins V-Húsvetninga. Var það fyrsti fundurinn í fundaröð um afmörkuð málaflokk. Frummælendur voru Eyjólfur Magnússon skólastjóri og Fleming Jessen íþróttakennari.

Fundur um heilbrigðismál var svo haldinn 30. janúar sl. og voru frummælendur Matthías Halldórsson héraðslæknir og Þórður Skúlason sveitarstjóri.

Hefur þetta frumkvæði AB mælt vel fyrir hjá bæjarbúum enda fundir verið vel sóttir.

Bröttugata boðin aftur

Borgarráð ákvað á fundi sínum s.l. þriðjudag að bjóða aftur út Bröttugötu 6, en sá sem var með efsta tilboði í húsið hafði fallið frá tilboði sínu.

Næsti fundur verður svo núna um helgina, 20. febrúar og verður hann um iðnaðar- og atvinnumál og hefst kl. 14.00. Frummælendur verða Pétur Eysteinnsson iðnþróunarfulltrúi Norðurlands og Brynjólfur Sveinbjörnsson mjólkurbússtjóri.

Að lokum verður svo haldinn fundur um sveitastjórnarmál í mars. Allir þessir fundir hafa verið opnir öllum áhugamönnum. Eyjólfur

Sýningar á Óperunni falla niður

Fella verður niður sýningar á „Sigaunabaráninum“ um helgina vegna veikinda Garbars Cortes. — Er þetta í fyrsta sinn sem aflysa verður í óperunni eftir 22 sýningar, jafnan fyrir fullu húsi. Arni Reynisson, framkvæmdastjóri óperunnar sagði í viðtali við blaðið í gær að miðar á þessar tvær sýningar, sem áttu að vera á föstudag og sunnudag, væru endurgreiddir í miðasölunni, en n.k. miðvikudag verður síðan byrjað að selja miða á ný.



Það borgar sig að vera snemma í því að láta yfirtara vélina!

VOLVO PENTA eru úrvals bátavélar. En jafnvel úrvals vélar þarfnast reglulegs eftirlits og viðhalds. Viðhaldsþjónustu Veltis er viðbrugðið enda einvala lið sem hana annast. En því miður er ekki hægt að sinna öllum í einu og þess vegna er áriðandi að hafa tímann fyrir sér og panta strax.

Jóhann Kárasen er þjónustustjóri Penta vélanna.

Hafið samband við hann eða samstarfsmenn hans hið fyrsta.

VELTIR HF
SUÐURLANDSBRAUT 16 SÍMI 35200

**VOLVO
PENTA**